

Olga Bjarnadóttir



Menntun: Íþróttakennari (1998), BS í viðskiptafræði (2005), Master í stjórnun (2019)

Íþróttir: Hef stundað frjálsar íþróttir, handbolta og fimleika og keppt í þeim. Í dag er ég í Golfklúbbi Selfoss.

Kennsla: Íþrótt- og stærðfræðikennari við Vallaskóla Selfossi (1998-2016)

Þjálfun: Fimleikabjálfi (1993-2016), þjálfun í fimleikaakademíu við FSU (2008-2016), styrktarþjálfun handboltaakademíu FSU 3 skólaár, landsliðsþjálfari fimleikum (2010-2012)

Dómgæsla: Dómararéttindi í hóp fimleikum frá 1999. Alþjóðleg dómararéttindi í fimleikum (2006-2025) Hef sinnt dómgæslu á Norðurlanda- og Evrópumótum frá 2006. Kennsla á dómaranámskeiðum innanlands.

Stjórnunarreynsla: Framkvæmdastjóri fimleikadeildar Selfoss (1997-2016) og Íþróttafélagsins Gerplu (2016-nú).

Stjórnarseta: Stjórn HSK (2016-2024), Stjórn ÍSÍ (2019), 2. varaforseti (2023)

Alþjóðleg samskipti: Sit í norrænni Tækninefnd í hóp fimleikum í yfir áratug og sit í Tækninefnd Smáþjóðaleika fyrir ÍSÍ frá 2022.

Frumkvöðlastarf: Stofnaði fimleikaakademíu við Fjölbrautaskóla Suðurlands 2008, kom að stofnun afreksbrautar við Menntaskólann í Kópavogi sem framkvæmdastjóri Gerplu í góðu samstarfi við framkvæmdastjóra HK og Breiðablik.

Sjálfbóðaliðastörf: Fjölbreytt störf innan íþróttahreyfingarinnar í yfir 30 ár

Fjölskylda: Móðir afreksíþróttabarna

Annað: Mótsstjóri Norðurlandamóta og Norður- Evrópumóta í fimleikum.

Kæru félagar,

Ég heiti Olga Bjarnadóttir og ég býð mig fram til forseta ÍSÍ vegna þeirrar miklu og fjölbreyttu reynslu sem ég hef aflað mér í gegnum árin sem ég tel að nýtist vel í starfi forseta.

Ég hef starfað innan íþróttahreyfingarinnar frá blautu barnsbeini og tekið þátt í íþróttastarfi allt mitt líf. Í dag starfa ég sem framkvæmdastjóri íþróttafélagsins Gerplu, sem er stórt félag með rúmlega 2000 iðkendur og tæplega 150 starfsmenn.

Ég er fædd 1975 og er uppalin á Selfossi, gift og tveggja barna móðir. Ég hóf fimleikabjálfun árið 1993 og útskrifaðist frá íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni árið 1998. Ég sinnti þjálfun og uppbyggingu í fimleikadeild Selfoss samhliða kennslu í Vallaskóla á Selfossi og kom að stofnun fimleikaakademíu við FSU, sem er enn vel sótt.

Árið 2016 tók ég við starfi framkvæmdastjóra Gerplu eftir rúm tuttugu ár á Selfossi. Síðustu níu ár hafa gefið mér mikla reynslu, ekki síst í rekstri, og einnig innsýn í hin fjölbreyttu verkefni sem koma á borð íþróttafélaganna. Ég hef líka setið í varastjórn HSK og tekið virkan þátt í stjórnarstarfinu.

Undanfarin sex ár hef ég setið í framkvæmdastjórn ÍSÍ og fengið að kynnst íþróttahreyfingunni frá enn öðrum vinkli. Ég hef séð hversu yfirgripsmikið starfið er innan ÍSÍ og hversu mikilvægt það er að hafa sterka forystu.

Á síðasta áratug hefur hlutverk þeirra sem stýra íþróttafélögum breyst mikið, þar sem auknar kröfur frá hinum ýmsu hagaðilum hafa aukist til muna. Það á líka við um kröfur til forystunnar. Ég hef skynjað hvað vel er unnið og hvar tækifærin liggja til að gera betur.

Með nýrri forystu fylgja alltaf breytingar. Ég mun leggja áherslu á að horfa inná við, koma á umbótum hjá ÍSÍ sem munu styrkja íþróttahreyfinguna og gera hana enn öflugri. Ég vil auka á samtalið innan hreyfingarinnar, hlusta, nýta þekkinguna sem þar liggur og tryggja að kröfur hagaðila séu uppfylltar á sem bestan hátt. Markmið mitt er að vinna að heilindum fyrir íþróttahreyfinguna alla og sjá hana áfram vaxa og dafna.

Ég vona að þið sjáið tækifærin sem felast í því að kjósa mig til forseta ÍSÍ þar sem ég mun nýta mína miklu reynslu og leiðtogaþæfileika til að vinna með ykkur í virku samtali fyrir íþróttahreyfinguna okkar.

Með bestu kveðju,

Olga Bjarnadóttir